

Sjálfsmat í Flúðaskóla 2023-2026

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi og leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur. Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Sjálfsmatsáætlun skólans spannar þrjú ár og er hún birt í töflu hér á eftir.

Sjálfsmatsáætlun

Skólaárið 2023 – 2024

Tími	Hvað á að gera	Þátttakendur	Úrvinnsla	
September	Fara yfir umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur	Uppfæra	Sjálfsmatshópur
Október	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn og stjórnendur	Lokafrágangur vinnuskýrsla	Skólastjórnendur
Október	Skólapúlsinn nemendur 6. - 10. bekkur	Nemendur	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Sjálfsmatshópur
Nóvember	Úttekt á námsmati	Kennarar og nemendur	Samantekt og úrbótaáætlun	Sjálfsmatshópur
Janúar	Líðan, listar í Mentor	Nemendur	Samtöl í foreldra- og nemendaviðtölum	Umsjónarkennarar
Febrúar	Skólalöng	Nemendur	Unnið úr niðurstöðum og gerð umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur
Mars	Starfsmannaviðtöl, fag- og áhugasviðskönnun	Starfsmenn	Samantekt til að skipuleggja næsta skólaár	Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu
Apríl	Skólapúlsinn starfsmenn	Starfsmenn	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Skólastjórnendur
Júní	Starfsskýrslur starfs- og faghópa	Starfs- og faghópar	Upplýsingaöflun um skólastarfið með tilliti til umbóta	Starfs- og faghópar
Júní	Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur rýnir í gögn sem aflað hefur verið á skólaárinu	Samantekt til umbóta	Sjálfsmatshópur

Skólaárið 2024 – 2025

Tími	Hvað á að gera	Þátttakendur	Úrvinnsla	Ábyrgð
September	Fara yfir umbótaáætlun	Skólastjórnendur	Uppfæra	Skólastjórnendur
September	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn og stjórnendur	Lokafrágangur vinnuskýrslu og vinnumats	Skólastjórnendur
Október	Stefnumótunarfundur um innleiðingu tölva og tækni	Kennarar og stjórnendur	Aðgerðaráætlun	Stýrihópur um UT
Janúar	Skólapúlsinn 1. – 5. bekkur	Nemendur	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Sjálfsmatshópur
Janúar	Líðan, listar í Mentor	Nemendur	Samtöl í foreldra- og nemendaviðtölum	Umsjónar-kennarar
Mars	Starfsmannaviðtöl, fag- og áhugasviðskönnun	Starfsmenn	Samantekt til að skipuleggja næsta skólaár	Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu
Mars	Skólapúlsinn foreldrakönnun	Foreldrar	Umbótaáætlun unnin upp úr niðurstöðum Skólapúlsins	Sjálfsmatshópur
Júní	Starfsskýrslur starfs- og faghópa	Starfs- og faghópar	Upplýsingaöflun um skólastarfið með tilliti til umbóta	Starfs- og faghópar
Júní	Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun	Gögn sem aflað hefur verið á skólaárinu	Samantekt til umbóta	Sjálfsmatshópur

Skólaárið 2025 – 2026

Tími	Hvað á að gera	Þátttakendur	Úrvinnsla	Ábyrgð
September	Fara yfir umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur	Uppfæra	Sjálfsmatshópur
September	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn og stjórnendur	Lokafrágangur vinnuskýrsla	Skólastjórnendur
Nóvember	Skólapúlsinn 6. – 10 bekkur	Nemendur	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Sjálfsmatshópur
Janúar	Líðan, listar í Mentor	Nemendur	Samtöl í foreldra- og nemendaviðtölum	Umsjónarkennarar
Mars	Starfsmannaviðtöl, fag- og áhugasviðskönnun	Starfsmenn	Samantekt til að skipuleggja næsta skólaár	Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu
Apríl	Skólaþing	Nemendur	Unnið úr niðurstöðum og gerð umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur
Júní	Starfsskýrslur starfs- og faghópa	Starfs- og faghópar	Upplýsingaöflun um skólastarfið með tilliti til umbóta	Starfs- og faghópar
Júní	Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur rýnir í gögn sem aflað hefur verið á skólaárinu	Samantekt til umbóta	Sjálfsmatshópur